

1. Umbótaáætlun

Ekki var útbúin formleg umbótaáætlun en leikskólastjóri hefur sent bréf til sveitarfélagsins vegna kröfu á úrbótum. Það er komið í vinnslu.

2. Rakamál á yngra stigi

Foreldraráð óskaði eftir því að úttekt færi fram á yngra stigi vegna rakavandamála sem komu upp í fyrra. Norðvestur gafl hússins verður klæddur nú á árinu 2017 skv. bréfi frá Sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hefur verið óskað eftir skálamælingu á því hvort að gró sé að finna í andrúmslofti. Sveitarfélagið hefur ekki óskað eftir annars konar mælingu. Foreldraráð mun senda beiðni um frekari mælingar á mögulegum raka í vegg við norðvestur gafl hússins.

3. Sumarfrí

Flest börn verða í sumarfrí frá miðjum júlí og til 3. ágúst, forvitnilegt verður að sjá hvernig til tekst með nýtt verklag hvað þetta varðar.

4. Lús og njálgur

Óvenju miklar tilkynningar hafa verið um lús og njálg á skólaárinu. Aðalbjörg fór yfir það að ekki væri um óvenjulegt ástand að ræða heldur væri nú komið upp tilkynningum á öllum deildum leikskólans þegar smit kæmi upp í stað þess að áður var það eingöngu tilkynnt á viðeigandi deild.

5. Myndasíða

Bæði foreldrar og starfsmenn leikskólans hafa velt vöngum sínum yfir því hvort opin síða leikskólans á facebook sé hentugur vettvangur fyrir myndir af börnum í skólastarfinu. Farið var yfir viðmið Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og eins hvernig viðmið annarra bæjarfélaga líkt og Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar er háttað. Sveitarfélagið Skafafjörður hefur ekki gefið út slík viðmið. Unnið er að því að finna betri lausn á þessum málum en er það ósk foreldraráðs að myndir af nemendum leikskólans verði á lokuðu svæði.

Mættir voru:

Aðalbjörg Þorgrímsdóttir – tengiliður Ársala
Guðbjörg Óskarsdóttir – formaður Foreldraráðs
Sara Eik Sigurgeirsdóttir
Sigrún Heiða Seastrand